

Breytingar á almannatryggingakerfinu og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar nokkrar veigamiklar breytingar á kerfi almannatrygginga á Íslandi. Fjöl margar nefndir fulltrúa síðustu ríkisstjórna og fulltrúa lífeyrisþega hafa verið skipaðar og ýmsu hefur verið þokað áfram eftir að kjör lífeyrisþega höfðu dregist verulega aftur úr þróun kaupmáttar á almennum markaði. Þó er kerfið enn mjög flókið og í raun e.t.v. enn flóknara en áður. Hér á eftir fylgir fyrri hluti greinar þar sem fjallað er um helstu breytingar á almannatryggingakerfinu um síðastliðin áramót og boðaðar breytingar á þessu ári. Seinni hluti greinarinnar verður birtur í næsta tölublaði.

Greiðslur árið 2008

Upphæð helstu bótaflokka almannatrygginga hækkaði um 3,2% til 3,5% frá 1. janúar 2008. Breytingar á bótum ellilífeyrisþega má sjá í meðfylgjandi töflum:

Ellilífeyrisþegi sem býr ekki einn			
Krónur á mánuði	Greiðslur á mán. 2007	Greiðslur á mán. 2008	Hækkun frá 2007
Ellilífeyrir	24.831	25.700	3,5%
Tekjutrygging	78.542	81.100	3,3%
Samtals	103.373	106.800	3,3%
Skattar á tekjur	4.777	4.115	
Tekjur eftir skatta	98.596	102.685	

Hér er um að ræða hámarksbætur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) og hafi viðkomandi lífeyrisþegi engar aðrar tekjur fær hann bæturnar óskertar, eða 102.685 krónur eftir skatta. Neysluverð hefur hækkað um 5,8% síðastliðna 12 mánuði. Ef verðhækkningar verða á svipuðum nótum áfram er því ljóst að kaupmáttur ráðstöfunartekna lífeyrisþega mun fara minnkandi.

Búi ellilífeyrisþegi einn fær hann að auki heimilisuppbót sem nú er 23.900 krónur á mánuði óskert. Þannig fær sá sem býr einn, og hefur ekki úr öðrum tekjum að spila en greiðslum frá TR, samtals 118.048 krónur í sinn vasa eftir skatta.

Fyrir ellilífeyrisþega sem býr einn bætist við heimilisuppbót

Krónur á mánuði	Greiðslur á mán. 2007	Greiðslur á mán. 2008	Hækkun frá 2007
Heimilisuppbót	23.164	23.900	3,2%
Samtals með tekjutr. og ellil.	126.537	130.700	3,3%
Skattar á tekjur	13.051	12.652	
Tekjur eftir skatta	113.486	118.048	

Greiðslur til örorkulífeyrisþega eru mjög svipaðar nema þar er upphæð tekjutryggingar 1.200 krónum hærri á mánuði eða 82.300. Þá koma aldurstengdar greiðslur að hámarki 25.700 krónur, miðað við óskerta upphæð, til þeirra sem á þeim eiga rétt.

Yfirlit

Breytingar á almannatryggingakerfinu og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007.

Efnahagshorfur við upphaf kjarasamninga

Skerðingarhlutfall

Skerðingarhlutfall er það sem greiðslur frá TR lækka þegar svokallaðar viðmiðunartekjur hækka. Þannig er skerðingarhlutfall nú 38,35% fyrir tekjutryggingu, 30% fyrir ellilífeyri (lífeyrissjóðstekjur skerða þó ekki ellilífeyri) og 11,30% fyrir heimilisuppbót.

Skerðingarhlutföll v/viðmiðunartekna sem Tryggingastofnun ríkisins skilgreinir

	2006	2007	2008
Tekjutrygging skerðist vegna viðmiðunartekna	45,00%	39,95%	38,35%
Heimilisuppbót skerðist vegna viðmiðunartekna		11,78%	11,30%
Ellilífeyrir skerðist vegna viðmiðunartekna*	30%	30%	30%

*Fyrir ellilífeyrisþega sem býr einn bætist við heimilisuppbót

Ef tekjur ellilífeyrisþega úr lífeyrissjóði eru t.d. 50.000 krónur á mánuði þá lækkar tekjutrygging viðkomandi um 38,35% af þeirri upphæð eða um 19.175 krónur. Ef lífeyrisþeginn býr einn fær hann heimilisuppbót að auki og skerðist hún einnig við þessa greiðslu úr lífeyrissjóði um 11,30% af henni eða um 5.650 krónur á mánuði. Jafnframt þarf svo að greiða skatt af þessum auknu tekjum. Tekjuaukningin er 50.000 að frádregnum skerðingum upp á krónur 19.175 og 5.650 þannig að eftir standa 25.175 krónur á mánuði. Þar sem ellilífeyrisþeginn er með tekjur yfir skattleysismörkum greiðir hann 35,72% af þeirri upphæð í skatta eða 8.993 krónur. Þá eru eftir 16.182 krónur. Þannig heldur sá sem hefur 50.000 krónur úr lífeyrissjóði eftir 16.182 krónum meira en hinn sem engar greiðslur fær úr lífeyrissjóði. Hann heldur því eftir aðeins tæplega þriðjung af upphæðinni.

Ellilífeyrisþegi sem býr einn og fær 50 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði

Krónur á mánuði	Fyrir skerðingu	Skerðing
Tekjutrygging	81.000	19.195
Heimilisuppbót	23.900	5.650
Samtals skerðing		24.825
Þá eru eftir af 50.000 kr.		25.175
Skattar á tekjuauka 35,72%		8.993
Heldur eftir af 50.000 kr.		16.182

50% af fjármagnstekjum koma til útreiknings á skerðingu bóta. Skerðing vegna atvinnutekna hefur breyst á undanförunum árum með nýjum frítekjumörkum og enn standa til breytingar sem hækka þau mörk.

Frítekjumörk

Frítekjumörk eru þær atvinnutekjur sem ellilífeyrisþegi má hafa án þess að til skerðingar komi á tekjutryggingu hans og heimilisuppbót frá TR. Fyrir árið 2007 skertust greiðslur frá TR frá fyrstu krónu sem aflað var eins og við á um lífeyrissjóðstekjur í dag. Öryrkjar höfðu hins vegar svokallaða 60% reglu þar sem einungis 60% atvinnutekna komu til útreiknings skerðingar. Frá 1. janúar 2007 var hins vegar komið á frítekjumarki vegna atvinnutekna fyrir bæði öryrkja og eldri borgara upp á 25.000 krónur á mánuði (27.250 frá 1. janúar 2008). Eftir sem áður mátti velja 60% regluna sem öryrkjar höfðu haft. Þetta þýddi í raun að þeir sem höfðu yfir 62.500 krónur á mánuði (68.125 krónur á mánuði frá 1. jan 2008) voru settir undir 60% regluna því það kom þeim betur.

Frítekjumörk atvinnutekna 67-70 ára, 1. janúar - 1. júlí 2008

Atvinnutekjur á mánuði	Skerðing á greiðslu bóta frá TR	Frádráttur sem hagkvæmast er að nota
27.250	0*	Frítekjumark

50.000	8.725	Frítekjumark
68.125	15.676	Frítekjum. eða 60% reglan
100.000	23.010	60% reglan

*Atvinnutekjur að 327.000 krónum á ári (27.250 krónur á mánuði) skerða ekki greiðslur almannatrygginga

1. júlí 2007 gekk í gildi sú breyting að atvinnutekjur 70 ára og eldri skerða ekki greiðslur frá TR. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. desember síðastliðinn er boðað að frítekjumark ellilífeyrisþega á aldrinum 67-70 ára verði hækkað í allt að 100 þúsund krónur á mánuði frá 1. júlí 2008. Þetta leiðir til þess að 60% reglan byrjar fyrst að virka þegar tekjur eru yfir 250 þúsund krónur á mánuði.

Frítekjumörk atvinnutekna 67-70 ára einstaklings frá 1. júlí 2008

Atvinnutekjur á mánuði	Skerðing á greiðslu bóta frá TR	Frádráttur sem miðað verður við
27.250	0	Frítekjumark
100.000	0	Frítekjumark
250.000	57.525	Frítekjum. eða 60% reglan

*Atvinnutekjur að 1.200.000 krónum á ári (100.000 á mánuði) skerða ekki greiðslur almannatrygginga

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Aðgerðir sem skili öryrkjum sambærilegum ávinningi verða undirbúnar í tengslum við starf framkvæmdanefndar um örorkumat og starfsendurhæfingu“.

Eins og áður sagði eru enn engin frítekjumörk fyrir tekjutryggingu frá TR vegna tekna úr lífeyrissjóði og í raun hafa frítekjumörk lækkað vegna heimilisuppbótar. Hún skerðist nú frá fyrstu krónu frá lífeyrissjóði en áður var það ekki nema þegar tekjur úr lífeyrissjóði voru yfir 50 þúsund krónur á mánuði.

Tenging við tekjur maka

Þó að atvinnutekjur 70 ára og eldri skerði ekki greiðslur almannatrygginga þá geta tekjur maka sem er yngri en 70 ennþá skert greiðslur frá TR til sambúðaraðila sem er yfir 70 ára. Það er vegna þess að 25% af tekjum þess sem er undir 70 ára í þessu dæmi koma til skerðingar útreiknings á greiðslum til maka hans. Þetta hlutfall hefur farið lakkandi á undanförunum árum og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007 er boðað að frá 1. apríl nk. verði skerðing tryggingabóta vegna tekna maka afnumin. Þetta getur í einstaka tilfellum leitt til þess að ellilífeyrisþegi fái lægri greiðslur en áður en það mun leiðréttast í tengslum við boðaðar aðgerðir 1. júlí 2008. Heppilegra hefði því verið að þessar breytingar gengju í gildi samtímis.

Hækkun vasapeninga

Hækkun vasapeninga vistmanna á stofnunum um 30%, úr 28.500 krónur á mánuði í 36.500 krónur mánuði frá 1. apríl 2008, er boðuð í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Efnahagshorfur við upphaf kjarasamninga

Kjarasamningar flestra aðildarfélaga BSRB renna út á þessu ári. Samningar þeirra félaga sem semja við ríki munu flestir renna út á vormánuðum og samningar félaga sem semja við sveitarfélög munu flestir verða lausir í haust.

Síðustu samningar hafa verið í gildi yfir stóran hluta af því tímabili sem margir hafa kallað umbrotatíma í íslensku efnahagslífi. Við upphaf síðasta samningstímabils, árið 2005, voru aðstæður í efnahagslífinu nokkuð góðar. Miklir uppgangstímar voru í þjóðfélaginu. Hagvöxtur hafði verið yfir 7,5% á árinu 2004 og útlit var fyrir mikinn hagvöxt á árinu 2005. Atvinnuleysi var um 3% í upphafi árs 2005 og fór minnkandi með aukinni spennu á vinnumarkaði. Verðbólga hafði hins vegar aukist í kjölfar þenslu og vísitala neysluverðs hafði hækkað um meira en 4% á milli ára. Fæstir áttu þó von á eins langvarandi verðbólgu og síðar kom á daginn sem má að stórum hluta rekja til stóriðjuframkvæmda og hækkandi húsnæðisverðs í kjölfar bættra lánakjara og mun rýmri aðgangs að langtímahúsnæðislánum en áður hafði þekkt. Gríðarleg hækkun húsnæðisverðs og hlutabréfaverðs ýtti undir bjartsýni neytenda og vöxt einkaneyslu sem stuðlaði að enn frekari verðbólguþrýstingi.

Til að sporna við verðbólgu hóf Seðlabankinn að hækka stýrivexti sína í maí 2004 og hafa þeir verið hækkaðir 19 sinnum með reglulegu millibili frá þeim tíma. Standa þeir nú í 13,75% sem er með því hæsta sem þekktist á meðal þróaðra ríkja.

Ef lítið er yfir stöðu efnahagsmála nú er ljóst að staðan í þjóðarbúskapnum er töluvert verri en fyrir síðustu samninga. Verðbólga mældist tæplega 6% við lok árs 2007 og reiknað er með að undirliggjandi verðbólga sé ívið meiri. Þá hafa vextir hækkað verulega hvort sem lítið er til vaxta á skammtíma- eða langtímalánum og hefur aðgangur að lánsfé versnað. Jafnhliða þessari þróun hefur áhugaverðum fjárfestingakostum því fækkað og fjárfestingar fyrirtækja jafnt sem einstaklinga dregist saman. Hækkandi stýrivextir hafa aukið vaxtamun við útlönd og hefur krónan því orðið áhugaverður fjárfestingakostur hjá ýmsum erlendum aðilum. Í kjölfar þess hafa gengissveiflur aukist verulega frá árinu 2006. Að undanfögnu hefur dregið úr hækkun húsnæðisverðs og lækkaði vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu á milli október og nóvember 2007. Verð hlutabréfa hefur auk þess farið hratt lakkandi á síðustu mánuðum og nú er svo komið að gildi úrvals vísitölunnar er svipað og það var um mitt ár 2006. Líklegt er að í kjölfar lækkunar á hlutabréfum og minnkandi hækkunar húsnæðisverðs muni svartsýni neytenda aukast og draga muni úr einkaneyslu sem hefur verið einn af drifkröftum hagvaxtar síðustu ára. Atvinnuleysi hefur farið minnkandi jafnt og þétt og samkvæmt tölum frá Vinnuálastofnun var atvinnuleysi í nóvember rétt um 0,8% sem er með því minnsta sem þekktist. Því er ljóst að spenna á vinnumarkaði er enn mikil.

Erfitt er að spá fyrir um þróun efnahagsmála á komandi misserum þar sem mikil óvissa er ríkjandi um stöðu þeirra nú. Flestir eru þó sammála um að minni umsvifa muni gæta í hagkerfinu vegna minnkandi einkaneyslu og minnkandi atvinnuvegafjárfestingu. Þá er líklegt að atvinnuleysi muni aukast. Flestir greiningaraðilar gera ráð fyrir að útflutningur muni aukast en innflutningur dragast saman sem leiða muni til minnkandi viðskiptahalla. Umsvif hins opinbera munu líklega aukast nokkuð á árinu sem mun að einhverju leyti draga úr kólnun hagkerfisins. Óvissa ríkir hins vegar enn um ýmsa mikilvæga þætti sem gætu breytt framvindunni á næstu árum.

Á sama tíma og spenna ríkir á vinnumarkaði eru flestir kjarasamningar að renna út sem gætu haft áhrif á einkaneyslu og verðbólgu. Óljóst er um framvindu stóriðjuframkvæmda og hvert umfang þeirra verður. Ríkissjóður hefur skilað miklum tekjuafgangi á síðustu árum sem gæti leitt til minna aðhalds í ríkisfjármálum. Þá hefur mikil óvissa verið á erlendum mörkuðum sem leitt hefur til erfiðara aðgengis að fjármagni fyrir fyrirtæki. Hlutabréfaverð hefur auk þess lækkað verulega á síðustu mánuðum og hugsanlegt er að eignaverð muni einnig lækka á komandi misserum. Auknar sveiflur á gengi geta haft mikil áhrif á efnahagslífið og skyndileg lækkun á gengi krónunnar myndi auka á verðbólguþrýsting.

Af þessu má ráða að komandi kjarasamningar gætu orðið vandasamir vegna þeirrar óvissu sem ríkir. Stöðugleiki í hagkerfinu er ein af burðarstöðum vaxandi kaupmáttar fyrir launafólk. Verðbólga gæti hæglega eytt umsömdum launahækkunum og leitt til kaupmáttarrýrnunar. Því er ljóst að líta þarf til margra þátta ef tryggja á launafólki aukinn kaupmátt og bætt lífskjör.

Til að afskrá sig af póstlista þessum er hægt að senda tölvupóst á netfangið ragnar@bsrb.is og taka fram að þess sé óskað.